



AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF.

Aðalfundur Össurar hf. verður haldinn í fundarsal á 2. hæð á Nordica Hótel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, föstudaginn 24. febrúar 2006 og hefst hann kl. 8:15

Á DAGSKRÁ FUNDARINS VERÐA:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt grein 4.02 í samþykktum félagsins.
2. Tillaga til breytinga á 1. tlf. í gr. 5.01 í samþykktum félagsins sem felst í því að fækka stjórnarmönnum úr sjö í fimm.
3. Tillaga um að heimila stjórn að kaupa eigin bréf félagsins.
4. Tillaga um heimild til stjórnar um að auka hlutafé félagsins um allt að 10% án forgangsréttar.
5. Önnur mál sem eru löglega borin fram.

Dagskrá og endanlegar tillögur munu vera hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Grjóthálsi 5, Reykjavík, viku fyrir aðalfund og verða auk þess aðgengilegar á heimasíðu félagsins, sem er www.ossur.com

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthafar eru hvattir til að mæta tímanlega til að taka við fundargögnum. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 8:15

Reykjavík 10. febrúar 2006
Stjórn Össurar hf.



Við hjálpum fólki að njóta sín til fulls